

Samtök Fullveldissinna

Yfirlýsing stjórnar Samtaka Fullveldissinna um Icesave-samninga 25. júní, 2009

Samtök Fullveldissinna lýsa yfir andstöðu við fyrirliggjandi Icesave-samninga og lýsa undrun sinni á tilraunum ríkisstjórnarinnar til að hræða almenning og Alþingi með áróðri um einangrun þjóðarinnar frá alþjóðasamfélaginu verði samningarnir ekki samþykktir.

Samtök Fullveldissinna minna á skyldur ríkisstjórnar og Alþingis við æsku landsins og hvetur þingmenn til að minnast loforða sinna um að standa með þjóðinni í endurreisn landsins. Það er ekki gert með auknum skuldbindingum sem geta vegið að afkomu allra þegna hennar til frambúðar.

Alþingi ber skylda til að standa á rétti Íslands í Icesave-málinu og láta fara fram ítarlega úttekt á þeim þjóðréttarlegu atriðum sem það varðar. Í núverandi gerð stenst samningurinn ekki lög og milliríkjasamninga. Ákvæði EES samningsins og lög um Tryggingarsjóð Innstæðueigenda undanskilja ábyrgð ríkisins, sbr álit Ríkisendurskoðunar.

Samþykkt 25.júní 2009

Samtök Fullveldissinna

Greinagerð með yfirlýsingunni

Icesave-samningatillögurnar sem nú liggja fyrir Alþingi fela í sér fjárskuldbindingar fram í tímann langt umfram það sem ríkissjóður getur tekið á sig, eru gerðar undir hótunum af hálfu ESB ríkja og eru í trássi við lög og milliríkjasamninga. Þær þýða að traust umheimsins á að landið geti áfram verið sjálfstætt og fullvalda ríki og staðið við skuldbindingar sínar gagnvart umheiminum mun dvína.

Íslenska ríkið ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og hefur Ríkisendurskoðandi staðfest það álit. Greiðsluskylda er aðeins að því marki sem eignir sjóðsins hrökkva til og hann verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Séu gerðir raunhæfir samningar um milliríkjasamstarf til þess hámarka verðmæti fallinna banka og koma til móts við innstæðueigendur getur Alþingi og forseti samþykkt þá, séu þeir í samræmi lög og gildandi samninga sem ríkin eru aðilar að. Núgildandi samningar og lög eru skýr hvað varðar innlánstryggingar gömlu íslensku bankaútibúanna og getur hver sá sem telur sig órétti beittan sótt sitt mál fyrir dómstólum og þarf því ekki atbeina Alþingis sem setti lög um innstæðutryggingar fyrir áratug.

Samtök Fullveldissinna harma þá stöðu sem landið er í og vilja að innstæðueigendur í Bretlandi og Hollandi fái sem mest af sínum innstæðum greiddar af eignum Landsbankans. Alþingi getur heimilað að nýir og raunhæfir samningar verði gerðir um Icesave sem Íslendingar geta ráðið við, og eru í samræmi við milliríkjasamninga og að háttum bandalagsþjóða, til þess að hámarka með samvinnu verðmæti eigna fallinna banka.

Í Stjórnarskránni er skýrt tekið fram að skattur verður ekki lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu og að enginn aðili geti framselt eignir ríkisins. Fyrir núverandi og framtíðar skattgreiðendur liggja ekki frammi upplýsingar um hvernig tryggja eigi fjárframlög og leggja á skatta til að uppfylla ríkisábyrgð þeirra skuldbindinga sem Icesave-samningarnir kynnu að leiða af sér, þegar og ef á hana reynir.

Á hafréttarráðstefnunni í Genf árið 1960 greiddu Vestur-Evrópulönd atkvæði gegn landhelgisútfærslu Íslands sem þá byggði gjaldeyrstekjur sínar nær eingöngu á fiskútflutningi. Alþjóðadómstóllinn í Haag dæmdi landhelgisútfærsluna í 50 mílur ólögmeta. Árið 1972 neitaði Evrópubandalagið að samþykkja lagfæringu á fríverslunarsamning Íslands við bandalagið nema Íslendingar sættust við Breta og V-Þjóðverja í landhelgisdeilunni. Þá var svipaður hræðsluáróður viðhafður og nú en rættist ekki þó Alþingi stæði fast á rétti Íslands.

Harkaleg aðför ríkisstjórnar Bretlands að íslenskum bönkum og þjóðarhagsmunum stendur enn óbætt og er löngu orðið tímabært að móta kröfur og leita viðræðna um bætur fyrir hana. Að öðrum kosti nást ekki sættir milli Íslands og Stóra-Bretlands.

Samtök Fullveldissinna

Tilvísanir í ákvæði um innstæðutryggingar og ábyrgð ríkisins

Tilskipun 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi

Bls. 3:

Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.

Ríkisendurendurskoðun, skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2007

Bls. 9:

Fella ætti Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkissjóðs. Sjóðurinn getur með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Bls. 57:

Að mati stofnunarinnar eru ekki lagalegar forsendur fyrir birtingu sjóðsins í ríkisreikningi enda getur hann með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

III. kafli:

10. gr. Fjárhæð til greiðslu.

Nú hrökkva eignir viðkomandi deildar sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu úr hvorri deild skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

[Ath. heimild til lántöku jafngildir ekki skyldu.]

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944

II, kafli:

21. gr. Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fölgjð afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

IV. kafli:

40. gr. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

VII. kafli:

77. gr. Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.